



Reglur um garðþjónustu fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega í Sveitarfélaginu Ölfusi

Sveitarfélagið Ölfus niðurgreiðir garðslátt/garðþjónustu til eldri borgara og örorkulífeyrisþega með lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi yfir sumarmánuðina.

Markmiðið er að koma til móts við ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega sem eru með 75% örorku og geta ekki hjálparalaust hirt lóðir sínar og nefnast því þjónustuþegar.

Skilgreining á garðþjónustu:

Undir garðþjónustu flokkast sláttur og hreinsun grasflatar, snyrting limgerða ásamt beðahreinsunum. Athugið að þjónustan er ekki veitt á vegum þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins.

Réttur til niðurgreiðslu á þjónustu:

Rétt til niðurgreiðslu á garðþjónustu eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með 75% örorku og hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi. Réttur til niðurgreiðslu skapast aðeins ef viðkomandi hefur mánaðarlega framfærslu undir eftirfarandi upphæðum sem taka mið af framfærslu Tryggingastofnunar ríkisins:

Árið 2025:

- Einstaklingur kr. 521.738
- Hjón eða sambýlisfólk kr. 832.985

Útfærsla þjónustunnar:

1. Þjónustuþegar leita sjálfir til þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á garðþjónustu og sjá um skipulagningu og greiðslur til viðkomandi fyrirtækis. Í kjölfarið er sótt um niðurgreiðslu til sveitarfélagsins.
2. Tímabil niðurgreiðslu gildir frá 15. maí - 30. september ár hvert.
3. Hámarksupphæð niðurgreiðslu nemur kr. 48.000 á ári.

Umsóknarferli og fylgigögn:

Umsókn um niðurgreiðslu á garðþjónustu má nálgast inn á íbúagátt Sveitarfélagsins Ölfuss.

Með umsókn þarf að skila inn kvittun vegna kaupa á þjónustu og nýjasta skattframtali viðkomandi. Einnig þarf staðfestingu á örorku þegar við á.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 12.02.2025 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 27.02.2025 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.